



Reykjavík, 24. júní 2018
R18060083
HBL/bp

Mannréttinda- og lýðræðisráð

Tillaga um stofnun mannréttinda- og lýðræðisráðs

Á fundi borgarstjórnar þann 19. júní 2018 var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að stofna mannréttinda- og lýðræðisráð. Ráðið taki við verkefnum mannréttindaráðs og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og verði í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir ráðið í samráði við mannréttindaskrifstofu og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum mannréttindaráðs og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stjórnarandstaðan (flokkar D, M, J og F) telur að eðlilegra væri að fella niður núverandi ráð áður en farið er í að stofna ný ráð með sambærileg hlutverk.

Helga Björk Laxdal.
e.u.